

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. janúar 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2004.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2004 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2004.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafra og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2004 er sem hér segir:

Mjólk	42 kr. hver lítri
Egg	260 kr. hvert kg
Kartöflur	36 kr. hvert kg
Rófur	60 kr. hvert kg
Lambakjöt	295 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	270 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	105 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	290 kr. hvert kg

Annað kjöt af nautgripum	190 kr. hvert kg
Folaldakjöt	185 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	80 kr. hvert kg
Grísakjöt	140 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	45 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	210 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

REGLUR

um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2004, sbr. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignar-skatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglu-gerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2004 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987 með áorðnum breytingum, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengsla við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almenn um mat á hlunnindum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum svo og framlög og gjafir sé verðmætið herra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.